

Nr. 2.  
10.  
jan.

## Boðskapur Konungs

til

Íslendinga.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Ráðgjafi Vor fyrir Ísland hefur fyrir Oss lagt allraþegnsamlegast ávarp, er efri deild alþingis síðast liðins sumars hefur samþykkt, þess efnis að fela forsjá Vorri sjerstaklega frumvarp það til breytinga á stjórnarskránni 5. janúar 1874, sem borið var upp af þingmanna hálfu og samþykkt af þinginu, og leitt hefur til þess, að Vjer samkvæmt 61. gr. nefndra laga höfum með Vorum tveim opnu brjefum dags. 13. september f. á. leyst upp alþingi og boðað til nýrra kosninga, og með Voru opna brjefi dagsettu í dag fyrir skipað, að hið nýja alþingi skuli koma saman í Reykjavík 26. júlí þ. á. Jafnframt er það þó tekið fram í ávarpinu, að þótt telja megi hinar samþykktu breytingar á stjórnarskipuninni mikilvægar umbætur á stjórnarfari Íslands, sje þó eigi fyllilega viðunandi fyrirkomulag á því fengið fyr en æðsta stjórn sjermála landsins sje búsett í landinu sjálfu. Ennfremur er sú ósk lätin í ljósi, að eigi skuli beðið eptir því, hver niðurstaða verði á umræðum um stjórnarskipunarmálið, heldur þegar í stað skipaður sjerstakur ráðgjafi fyrir Ísland, er sje í Reykjavík meðan háð verður alþingi það, er í hönd fer, og geti samið sjálfur við fulltrúa þjóðarinnar um þetta mál.

Oss hefur fundizt mikið til um hinar góðu óskir í Vorn garð og Vorrar konungsættar, er í ávarpinu standa.

Oss hefur eigi getað þótt rjett vera, með því að skipa sjerstakan ráðgjafa eins og farið er fram á í ávarpinu, að kveða að því leyti fyrirfram á um atriði þess stjórnarfyrirkomulags, er verið er að ræða um að koma á. Hins vegar er það og Vor ósk, ef ætla má að með því verði fenginn endir á umræður um breytingar á stjórnarskipun Íslands, að verða við óskum Vorra kæru og trúu Íslendinga um breytingar þær á stjórnarskránni, er farið er fram á, og þar á meðal sjerstaklega þeirri, að skipaður verði sjerstakur Íslandsráðgjafi, sem kunni íslenzka tungu og eigi sæti á alþingi. Megi Nr. 2. Boðskapur Konungs 10. jan. til Íslendinga.

# Allerhøjeste Budskab

til

**Islænderne.**

Nr. 2.  
10de  
Januar.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt:* Os er af Vor Minister for Island blevet forelagt en af Altingets øverste Afdeling i Tingets i afvigte Sommer afholdte Samling vedtagen allerunderdanigst Adresse, som til Vor særlige Omsorg anbefaler det af Tinget i dets nævnte Samling vedtagne af det private Initiativ udgaaede Forslag til Ændringer i Forfatningslov af 5te Januar 1874, som Følge af hvis Vedtagelse Vi i Medfør af bemeldte Lovs § 61 ved Vore tvende aabne Breve af 13de September f. A. have opløst Altinget og forordnet Afholdelse af nye Valg samt med Vort aabne Brev af Dags Dato forordnet, at det nye Alting skal komme sammen i Reykjavik den 26de Juli d. A. Ved Siden heraf udtaler dog Adressen, at ihvorvel der af de vedtagne Forfatningsforandringer vil kunne paaregnes en betydningsfuld Forbedring af de islandske Forfatningsforhold, formenes dog en fuldtud tilfredsstillende Ordning af disse først da at ville være naaet, naar den øverste Ledelse af Landets særlige Anliggender er bosat i Landet selv. Der udtales derhos Ønsket om, at der straks uden at oppebie Forfatningsforhandlingernes endelige Resultat maatte blive udnævnt en særlig Minister for Island, som personlig under den forestaaende Altingssamling i Reykjavik kunde forhandle denne Sag med Folkets Repræsentanter.

Med hjertelig Paaskønnelse have Vi modtaget de gode Ønsker for Os og Vort kongelige Hus, der i Adressen ere komne til Orde.

Vi have ikke kunnet finde det rigtigt ved en Ministerudnævnelse som den i Adressen henstillede for saa vidt at foregribe den under Forhandling værende Ordning af Forfatningssagen. Derimod er det ogsaa Vort Ønske, for saa vidt Spørgsmaal om Ændringer i Islands Forfatning derved anses bragt til Ophør, at opfylde Vore kære og tro Islænderes Ønske om de foreslaaede Ændringer i Forfatningsloven, deriblandt navnlig ogsaa om Udnævnelse af en særlig islandsk Minister, som er det islandske Sprog mægtig og giver Møde paa Altinget. Vi ville derfor under denne Nr. 2. Allerh. Budskab af 10. Jan. til Islænderne.

Nr. 2. gera ráð fyrir þessu, munum Vjer því mjög vel geta fallizt á það skipulag, sem farið er fram á í greindu frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni. En með því að svo er til ætlazt í tjeðu frumvarpi, að stjórnarráð Vort fyrir Ísland haldi áfram að vera í aðsetursstað Vorum, og Oss hins vegar er kunnugt um það bæði af því, er stendur í ávarpinu og af því, er annars staðar hefur komið fram opinberlega, að það er ósk margra Vorra kæru og trúu Íslendinga, að stjórnarráðið verði flutt til Reykjavíkur, þá höfum Vjer, til þess að þetta mikilvæga atriði geti orðið hugleitt ítarlega af alþingi, ályktað að leggja ennfremur fyrir þing það, er í hönd fer, frumvarp, er auk hinna annara breytingarákvæða fyrgreinds frumvarps fer fram á, að ráðgjafi Vor fyrir Ísland skuli eigi aðeins kunna íslenska tungu og eiga sæti á alþingi, heldur og að stjórnarráð Vort fyrir Ísland skuli hafa aðsetur í Reykjavík.

Það kemur þá til alþingis kasta, að láta uppi, hvort þessara frumvarpa láti betur að óskum Vorra kæru og trúu Íslendinga og bindi betur enda á umræður um breytingar á stjórnarskipun Íslands.

Og munum Vjer þá veita því af þessum tveim framangreindu frumvörpum Vora konunglegu staðfesting, er samþykkt verður af alþingi á þann hátt er stjórnarskráin mælir fyrir.

**Gefið á Amalíuborg, 10. janúar 1902.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Forudsætning meget vel kunne tiltræde den i det fornævnte Forslag til Ændringer i Nr. 2. Forfatningsloven foreslaaede Ordning. Men da bemeldte Forslag forudsætter, at Vort Ministerium for Island vedbliver at have Sæde i Vor Residensstad, og da det saavel 10de Januar. gennem Adressen som ved andre offentlig fremsatte Tilkendegivelser er Os bekendt, at mange af Vore kære og tro Islændere ønske det henlagt til Reykjavik, have Vi, for at dette vigtige Spørgsmaal kan blive underkastet en nøje Prøvelse af Altinget, besluttet ogsaa at forelægge for dette i den kommende Samling et Forslag, som foruden de øvrige i fornævnte Forslag indeholdte Ændringer vil gaa ud paa, ikke alene at Vor Minister for Island skal være det islandske Sprog mægtig og give Møde paa Altinget, men ogsaa at Vort Ministerium for Island skal have sit Sæde i Reykjavik.

Det vil derefter staa til Altinget at udtale, hvilket af disse Forslag der bedst vil imødekomme Vore kære og tro Islænderes Ønsker og bringe Spørgsmaal om Ændringer i Islands Forfatning til Ophør.

Og ville Vi da give Vor Kongelige Stadfæstelse til det af forbemeldte trende Forslag, som paa forfatningsmæssig Maade maatte blive vedtaget af Altinget.

**Givet paa Amalienborg, den 10de Januar 1902.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*Alberti.*